

2022

# SJÁLFBÆRNISKÝRSLA



Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, 569 9600, [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is), [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

2. rit. 16. október 2023      ISSN 2772-1744, vefrit

Öllum er frjálst að nota efni úr *Sjálfbærnisráðgjafunni* en þess er óskað að getið sé heimildar.

# Formáli seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra

Í samantekt sjöttu matskýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) kveður enn á ný við kunnuglegan tón. Í skýrslunni kemur fram að áhrif mannsins á umhverfi sitt hafa leitt til hlýnunar loftslags um 1,1 gráðu frá seinni hluta 19. aldar en nú er svo komið að hvert gráðubrot í hlýnun hefur stigmagnandi áhrif, ekki bara á veðurfar og uppskeru, heldur einnig á lífsskilyrði og velferð milljóna manna um allan heim.

Eitt meginmarkmið Parísarsáttmálans er að takmarka röskun mannkyns á loftslagi jarðar í þeim tilgangi að takmarka hnattræna hlýnun eins nálægt 1,5 gráðum og hægt er. Stjórnvöld, atvinnulíf og félagasamtök víða um heim hafa sett sér skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við Parísarsáttmálann. Samkvæmt lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 ber Stjórnarráði Íslands, ríkisstofnunum og fyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkisins að setja sér loftslagsstefnu með skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun. Seðlabanki Íslands er þar engin undantekning en samkvæmt umhverfis- og loftslagsstefnu bankans skuldbindur hann sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fram til ársins 2030 miðað við árið 2019.

Sjálfbæriskýrsla Seðlabanka Íslands kemur nú út í annað sinn. Í henni er fjallað um aðgerðir Seðlabanka Íslands í sjálfbærni- og loftslagsmálum árið 2022, sjálfbærniupplýsingar úr rekstri bankans og hvernig hann innleiðir sjálfbærni í kjarnastarfsemi sína. Skýrslunni er ætlað að vera upplýsandi um aðgerðir bankans en einnig hluti af ábyrgðarskilum bankans gagnvart markmiðum sínum í loftslags- og sjálfbærnimálum.


Enn er mikið verk að vinna í loftslags- og sjálfbærnimálum, líkt og sjötta matskýrsla Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar gefur til kynna. Þótt meginábyrgðin á því að innleiða stefnu, tryggja fjármagn til að draga úr loftslagsáhættu og stuðla að skipulegri umbreytingu í kolefnishlutlaust hagkerfi og sjálfbært samfélag liggja hjá öðrum stjórnvöldum er mikilvægt að Seðlabanki Íslands leggi sitt af mörkum á sínu ábyrgðarsviði.



Ásgeir Jónsson,  
seðlabankastjóri



Gunnar Jakobsson,  
varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika



Rannveig Sigurðardóttir,  
varaseðlabankastjóri peningastefnu



Björk Sigurgísladóttir,  
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

# Inngangur

Sjálfbærnisráýsla Seðlabankans kom út í fyrsta sinn fyrir árið 2021. Í henni má finna ýmsar tölfraeðiupplýsingar tengdar sjálfbærnimálum bankans auk rammagreina. Í sjálfbærnisráýslunum er fjallað um sjálfbærni í starfsumhverfi bankans, sviðsmyndagreiningar vegna loftslagsáhættu og skýringar á hlutverki Seðlabankans varðandi nýja sjálfbærnilöggjöf.

Á árinu 2022 hélt Seðlabankinn áfram sjálfbærnivægferð sinni í tengslum við rekstur. Seðlabanki Íslands einsetur sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni um 40% frá árinu 2019 til ársins 2030 miðað við gögn úr grænu bókhaldi og könnun á samgönguvenjum. Samkvæmt aðgerðaáætlun Seðlabankans í umhverfis- og loftslagsmálum eru 53% þeirra aðgerða sem ákveðið var að ráðast í komnar í framkvæmd og unnið hefur verið markvisst að því að ljúka innleiðingu verkefnisins Græn skref í ríkisrekstri. Seðlabanki Íslands færir grænt bókhald og heldur utan um innkaup sín með tilliti til sjálfbærnimarkmiða en í skýrslunni er greint frá losunaruppgjöri fyrir árið 2022. Þá er fjallað um BREEAM vottunarferli sem ákveðið var að fara út í vegna framkvæmda á miðrymi bankans sem hófst árið 2021.

Á árinu 2022 hefur verið unnið markvisst að því að styrkja og formfesta stjórnarhætti bankans. Stjórnendapjálfun sem hófst árið 2021 í kjölfar sameiningar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins hélt áfram árið 2022. Loftslags- og sjálfbærnimál hafa verið á dagskrá hjá stjórnendum bankans bæði í tengslum við rekstur bankans og fagleg markmið auk þess sem sjálfbærnimál hafa í auknum mæli verið innleidd í markmiðasetningu sviða bankans.

Seðlabankinn gerðist aðili að samstarfsvettvangi seðlabanka og fjármálaeftirlita, Network for Greening the Financial System (NGFS), árið 2020 og hefur bankinn verið virkur á þeim vettvangi. Seðlabankinn á fulltrúa í fjórum vinnuhópum NGFS, þar sem viðfangsefni eru eftirlit, sviðsmyndagreining, peningastefna og kolefnishlutleysi. Þá fylgir bankinn yfirlýsingu sinni í loftslagsmálum sem var gefin út í tengslum við 26. aðildarríkjaþing Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (COP26) í Glasgow sem hluti af NGFS samstarfi bankans.

# Efnisyfirlit

Formáli seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra	3
Inngangur	4
<b>I Sjálfbærniþættir í rekstri Seðlabanka Íslands 2022</b>	<b>6</b>
Umhverfiþættir	6
Áfangar að markmiðum umhverfis- og loftslagsstefnu	6
Innleiðing Grænna skrefa	6
Grænt bókhald	7
Greining	8
BREEAM vottun á byggingarframkvæmdum	9
Félagslegir þættir	10
Starfsfólk Seðlabankans	10
Jafnrétti í Seðlabankanum	10
Stjórnarhættir	11
Ábyrgðarsvið varðandi umhverfis- og loftslagsmál	11
<b>II Skuldbindingar bankans og samstarf um loftslagsmál</b>	<b>13</b>
Network for Greening the Financial System (NGFS) samstarf	13
Yfirlýsing SÍ í loftslagsmálum	13
I. Kolefnisspor í rekstri bankans	13
II. Kortlagning loftslagsáhættu	13
III. Umbreyting vegna loftslagsbreytinga	15
<b>Rammagreinar</b>	
1. Metnaðarfullt starfsumhverfi	12
2. Sviðsmyndagreiningar vegna loftslagsáhættu	16
3. Lög nr. 25/2023 upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármála- þjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar	17
<b>Viðaukar</b>	<b>19</b>
Umhverfis- og loftslagsstefna Seðlabanka Íslands	19
Yfirlýsing Seðlabanka Íslands í loftslagsmálum	19
Sjálfbærniþókhald ítarefni	20
Skipulagsmörk	20
Rekstrarmörk	20
Sundurliðun úrgangs	20
Sjálfbærniuppgjör	20
Skilgreiningar hugtaka í sjálfbærniuppgjöri	29
<b>Ítarefni</b>	<b>30</b>

# Sjálfbærniþættir í rekstri Seðlabanka Íslands 2022



Seðlabanki Íslands stefnir að því að verða til fyrirmyndar á sviði sjálfbærni og loftslagsmála og mikilvæg skref voru tekin í þá átt á árinu 2022. Sjálfbærni varðar ekki aðeins umhverfismál, heldur styðja undirstöður sjálfbærni: samfélag, umhverfi og efnahagslíf hver aðra og leggja grunninn að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Við mat á sjálfbærni fyrirtækja og stofnana er jafnan vísað til viðmiða um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) og er þá meðal annars átt við velferð, heilsu, félagslegt réttlæti og stjórnarhætti sem stuðla að sjálfbærni. Sjálfbærni Seðlabanka Íslands felur í sér að stuðlað sé að góðum stjórnarháttum og að tekið sé tillit til umhverfis og félagslegra þátta í starfsemi og rekstri bankans.

## Umhverfisþættir

**Áfangar að markmiðum umhverfis- og loftslagsstefnu**  
Markmið umhverfis- og loftslagsstefnu Seðlabanka Íslands er að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri bankans og að bankinn leggi þannig sitt af mörkum til þess að Ísland geti staðið við loftslagskuldbindingar sínar. Bankinn skal kappkosta að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum í starfsemi sinni.

Seðlabanki Íslands einsetur sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni um 40% frá árinu 2019 til ársins 2030 miðað við gögn úr grænu bókhaldi og könnun á samgönguvenjum. Stefnan nær til allrar starfsemi bankans, húsnæðis hans og framkvæmda á hans vegum. Umhverfisnefnd ber ábyrgð á loftslagsstefnu bankans í samráði við seðlabankastjóra. Það er á ábyrgð alls starfsfólks Seðlabankans að framfylgja stefnunni svo markmið hennar náist.

Vel hefur gengið að uppfylla þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðaáætlun bankans og eru 53% af aðgerðunum komnar í framkvæmd. Flestar þær aðgerðir sem ákveðið var að ráðast í árið 2021 og 2022 eru hafnar eða þegar komnar til framkvæmda fyrir utan þær aðgerðir sem bíða vegna framkvæmda við húsnæði bankans s.s. vottun á mötuneyti. Aðgerðaráætlunin nær, líkt og umhverfis- og loftslagsstefnan, til ársins 2030. Umhverfis- og loftslagsstefna bankans og aðgerðaáætlun eru rýndar árlega og taka breytingum ef þörf þykir.

## Innleiðing Grænna skrefa

Á árinu var áfram unnið að innleiðingu **Grænna skrefa** í ríkisrekstri. Seðlabankinn náði fjórða skrefi verkefnisins á árinu 2022, og réðst í fjölmargar aðgerðir því tengdu. Aðstaða fyrir umhverfisvænni ferðamáta var bætt, m.a. með því að stækka svæði fyrir geymslu á reiðhjólum og sérmerkja bílastæði fyrir utan bankann fyrir rafbíla. Seðlabankinn hefur hlotið gullvottun Hjólavottunar en mun halda áfram að bæta aðstöðu fyrir hjól og aðra vistvæna samgöngumáta á nýju ári. Aðgerðirnar eru í samræmi við markmið bankans um að vera búinn að fá a.m.k. 60% starfsfólks bankans til að ferðast með vistvænum hætti til vinnu árið 2030 með því að skrifa undir samgöngusamning. Flokkunaraðstaða var bætt og lífrænar tunnur eru nú í öllum kaffistofum og í matsal. Einnig var farið í flokkunarátak í nóvember. Enn er stefnt að því að Svansvotta mötuneyti bankans en það hefur tafist vegna framkvæmda við húsnæði bankans. Hafist verður handa við Svansvottun samhliða undirbúningi á nýju svæði fyrir mötuneytið. Á árinu voru leiðbeiningar fyrir viðburðahald á vegum bankans útbúna og settar inn í gæðakerfi bankans en þar kemur meðal annars

fram að leigja skal aðstöðu sem hlotið hefur umhverfisvottun þegar það er hægt og leitast skal við að bjóða upp á grænmetis- eða grænkeraveitingar.

Áfram verður unnið að því að ná fimmta skrefinu í Grænum skrefum og er markmiðið að það klárast fyrir árslok 2023. Sú vinna felur að mestu í sér að setja upp umhverfisstjórnunarkerfi þar sem árangur og framkvæmd umhverfis- og loftslagsmála eru mæld og endurmetin reglulega.

### Grænt bókhald

Seðlabanki Íslands færir grænt bókhald og heldur utan um innkaup sín með tilliti til sjálfbærnimarkmiða. Seðlabankinn fylgir viðmiðum um vistvæn innkaup, sem hluta af útboðsferli og í öðrum innkaupum sem ekki eru útboðsskyld. Undirbúningur fyrir reglulegt birgjamat sem m.a. lítur að UFS þáttum hófst á árinu og verður það sett í framkvæmd á næsta ári.

Losunaruppgjör Seðlabanka Íslands vegna ársins 2022 er gert í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar. Við uppgjörið var litið til UFS leiðbeininga sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019.

Seðlabanki Íslands notar hugbúnað Klappa grænna lausna hf. til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna, úrvinnslu og miðlun upplýsinga sem tengjast sjálfbærni stofnunarinnar, t.a.m. til að fá rauntímayfirlit yfir hluta af kolefnisspori bankans sem og úrgangsmagn og flokkunarhlutfall. Seðlabankinn gerir einnig ferðavenjukönnun árlega hjá starfsfólki og eru niðurstöður hennar m.a. nýttar í útreikninga á kolefnisspori bankans.

### Skipulagsmörk

Við skilgreiningu á umfangi uppgjörsins hefur „Operational Control“ aðferðafræðin orðið fyrir valinu. Með í uppgjörinu eru því eftirfarandi félög:

- Seðlabanki Íslands
- Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands

Sjá nánar í viðauka [Sjálfbærniþókhald ítarefni](#) undir liðnum Skipulagsmörk. Í sama viðauka er einnig að finna [skilgreiningar hugtaka í sjálfbærniuppgjöri](#).

### Rekstrarmörk

Umfang 1 og 2 er talið að fullu en umfang 3 að hluta til, sjá nánar í viðauka [Sjálfbærniþókhald ítarefni](#) undir liðnum Rekstrarmörk.

### Viðbætur frá seinasta uppgjöri

Seðlabankinn tók saman notkunartölur á köldu vatni (að hluta til) í fyrsta skiptið á árinu 2022.

Seðlabankinn náði í fyrsta skipti á árinu 2022 utan um losun vegna eftirfarandi:

Lekalosunar (umfang 1), rafmagns og heits vatns í leiguhúsnæði á Kalkofnsvegi 2 og sumarhúsum (umfang 2), úrgangs í leiguhúsnæði að Kalkofnsvegi 2 (umf. 3, fl. 5), rafmagnsnotkunar í gagnaveri og innkaupa á pappír (umf. 3, fl. 1) og hótulgistingar (umf. 3, fl. 6). Sömuleiðis var losun vegna eldsneytis- og orkutengdrar starfsemi (umf. 3, fl. 3), losun vegna aðkeypts flutnings með sendiferðabilum (umf. 3, fl. 4) og losun vegna úrgangsmeðhöndlunar málma sem skilað er til Málmú (umf. 3, fl. 5) í fyrsta skiptið tekinn inn í bókhaldið, og bakreiknuð til ársins 2019, með þeim gögnum sem voru aðgengileg.

Seðlabankinn bókfærði í fyrsta skiptið losun frá framkvæmdaaðila sem fellur innan umfangs 3. Þetta nær þó einungis til framkvæmda í miðrymi bankans sem hófust í desember 2022, en gögn voru aðgengileg þar sem sóst er eftir BREEAM vottun á framkvæmdunum. Um er að ræða losun vegna flutnings til og frá vinnusvæði (umf. 3, fl. 1) og úrgangs (umf. 3, fl. 5).

### Uppfærslur frá seinasta uppgjöri

Gögn vegna viðskiptaferða (umf. 3, fl. 6) voru uppfærð, þ.e.a.s. losunarstuðlar fyrir leigubílaferðir voru uppfærðir og bætt við leigubílaferðum fyrir árið 2021. Losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu var endurreiknuð fyrir 2019–2022. Hafa ber þó í huga að samgöngukönnun fyrir 2019 og 2020 innihélt ekki jafn nákvæmar spurningar og síðari kannanir sem byggjast því í meira mæli á áætlunum.

Seðlabanki Íslands mun halda áfram að bæta fleiri flokkum við kolefnisþókhaldið, og er markmiðið m.a. að ná betur utan um losun vegna aðkeyprar vöru og þjónustu og flutninga.

Við samanburð losunar milli ára ber að hafa í huga áhrif sameiningar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins 1. janúar 2020 á starfsmannafjölda sem og útvíkkun kolefnisþókhaldsins milli ára.

### Lykilþættir


Losun Seðlabanka Íslands árið 2022 nam 286,6 tonn um koltvísýringsígilda (tCO<sub>2</sub>i). Losun í umfangi 1 og 2 nam samtals 59 tCO<sub>2</sub>i (sjá fulla sundurliðun á losunarþáttum í viðauka [Sjálfbærniþókhald ítarefni](#) undir liðnum Sjálfbærniuppgjör).

Tafla 1 Losun GHG vegna losunarþátta frá viðmiðunarári 2019 til og með 2022

Losun er í einingunni tCO <sub>2</sub> í	2019	2020	2021	2022	Rekstrarmörk 2022
Losun gróðurhúsalofttegunda	339,8	215,0	197,8	286,6	
<b>Umfang 1</b>					
Heildarlosun	9,1	9,4	19,2	10,2	Talið að fullu
Staðbundin eldsneytisnotkun	-	-	9,0	0,8	
Eldsneytisnotkun farartækja	9,1	9,4	10,2	9,3	
Lekalosun	-	-	-	0,02	
<b>Umfang 2</b>					
Heildarlosun	53,2	56,4	44,6	48,8	Talið að fullu
Rafmagn	16,3	15,3	10,6	10,1	
Hitaveita	36,9	41,1	34	38,7	
<b>Umfang 3</b>					
Heildarlosun	277,5	149,2	134,	227,6	
Aðkeypt vara og þjónusta	-	-	-	12,03	Talið að hluta
Eldsneytis- og orkutengd starfsemi	18,6	20,7	17,7	19,5	Talið að fullu
Aðkeyptur flutningur og dreifing	-	-	0,02	0,6	Talið að hluta
Úrgangur	10,7	26,4	8,3	34,1	Talið að hluta
þar af frá rekstri	7,4	10,2	4,4	4,0	
þar af frá framkvæmdasvæði*	3,3	16,2	3,9	30,1	
Viðskiptaferðir	106,8	12,2	5,7	67,3	Talið að hluta
Samgöngur starfsfólks	141,3	89,9	102,3	94,1	Talið að hluta

Sjá ítarlegri sundurliðun í viðauka [Sjálfbærniþólkald](#) ítarefni undir liðnum Sjálfbærniuppgjör.

\*Um er að ræða allan úrgang vegna framkvæmda á miðrymi bankans sem hófust í lok nóv. 2022 en aðeins hluta af öðrum framkvæmdaúrgangi.



Losun á hvert stöðugildi hækkaði um 44% á milli árána 2021 og 2022, og er nú 972,7 kgCO<sub>2</sub>/stöðugildi. Aukninguna má helst skýra með útvíkkun á umfangi kolefnisþólkalds Seðlabankans og aukningu í viðskiptaferðum eftir COVID-19. Einnig varð umtalsverð aukning í losun vegna úrgangs sem má helst rekja til framkvæmda við húsnæði Seðlabankans.

Stærsti losunarþáttur Seðlabanka Íslands árið 2022 var losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu, en hann nam 94,1 tCO<sub>2</sub>í. Næststærsti losunarþátturinn voru viðskiptaferðir, 67,3 tCO<sub>2</sub>í, að langstærstu leyti vegna flugferða.

## Greining

### Ferðir starfsfólks til og frá vinnu

Líkt og fram hefur komið, var stærsti einstaki losunarþáttur Seðlabanka Íslands árið 2022 losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu, en hann nam 94,1 tCO<sub>2</sub>í, þar af 91 tCO<sub>2</sub>í vegna ferða á einkabíl.

Starfsfólk ferðaðist heilt yfir um lengri veg til og frá vinnu árið 2022 en árið 2021, en umfang ferða til og frá vinnu, að teknu tilliti til fjölda stöðugilda, jókst um 11% á milli ára. Þrátt fyrir þetta dróst losun saman um 10% eða 8,2 tCO<sub>2</sub>í á sama tímabili. Þennan samdrátt í losun má fyrst og fremst rekja til þess að hlutfall ferða á díselbílum og bensínbílum lækkaði milli ára á meðan hlutfall ferða á rafmagns-, metan-, og tvinnbílum

Tafla 2 Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Ferðamáti	Hlutfall svarenda		Hlutfall vegalengdar	
	2021	2022	2021	2022
Hjól	14	11	9	8
Strætó	8	4	8	3
Rafskúta	2	1	0	0
Ganga	8	12	3	3
Einkabíll	69	72	80	85
þar af bensínbílur	25	21	24	22
þar af díselbílur	24	20	32	24
þar af tengiltvinnbílur*		9		11
þar af tvinnbílur*	14	8	17	8
þar af rafmagnsbílur	6	14	7	19
þar af metanbílur	0	1	0	1


\*Ekki var gerður greinarmunur á tvinnbil og tengiltvinnbil í ferðavenjukönnun 2021.



hækkaði (Tafla 2). Aftur á móti lækkaði hlutfall ferða í strætó milli ára, í 3% miðað við 8% árið áður.

Hafa ber í huga við samanburð niðurstaðna að árið 2022 var í fyrsta skiptið spurt um fjarvinnu og út frá því reiknaður fjarvinnustuðull sem var aðlagður fyrir árin 2019-2021. Svarhlutfall getur einnig haft áhrif á niðurstöður en það var 69% árið 2021 og 66% árið 2022.

Í lok árs 2022 voru í gildi 89 samgöngusamningar á milli starfsfólks og bankans (Mynd I-2) þar sem starfsfólk skuldbatt sig til þess að nýta vistvænan ferðamáta til og frá vinnustað, en með vistvænum ferðamáta er átt við svokallaða virka ferðamáta (að ferðast til dæmis fótgangandi eða á reiðhjóli) auk almenningssamgangna.



### Viðskiptaferðir

Losun vegna flugs jókst milli áráanna 2021 og 2022 úr 5.7 tCO<sub>2</sub> í 52.5 tCO<sub>2</sub> þar sem viðskiptaferðir lágu niðri fyrstu átta mánuði ársins 2021 og tóku svo kipp eftir COVID-19. Sömuleiðis jókst losun vegna leigubíla og bílaleigubíla úr 0.2 tCO<sub>2</sub> í 8.6 tCO<sub>2</sub> á milli áráanna 2021 og 2022.


### Úrgangur

Heildarmagn úrgangs Seðlabanka Íslands nam 95.7 tonnum árið 2022, þar af 60.8 tonn vegna byggingarframkvæmda (sjá fulla sundurliðun í viðauka [Sjálfbærniþókhald ítarefni](#) undir liðnum Sundurliðun úrgangs). Um er að ræða 55.6 tonna aukningu frá árinu 2021 sem má að mestu leyti rekja til útvíkkunar á umfangi úrgangsbókhaldsins. Árið 2022 var upplýsingum um umfang úrgangs í leiguhúsnæði bankans við Kalkofnsveg 2 bætt við úrgangsbókhaldið (alls 0.4 tonn), auk upplýsinga um úrgang sem framkvæmdaaðili skilar til sorphirðu (alls 51.0 tonn). Yfirlit yfir úrgang frá framkvæmdum nær þó einungis yfir úrgang vegna framkvæmda á miðrými bankans sem hófust í desember

2022, en rýmið verður BREEAM vottað, eins og getið hefur verið.

Flokkunarhlutfall jókst úr 57% í 70% á milli áráanna 2021 og 2022 en hlutfallið var 62% fyrir úrgang frá rekstri (Mynd I-3) og 75% fyrir framkvæmdaúrgang (sjá nánar í viðauka [Sjálfbærniþókhald ítarefni](#) undir liðnum Sundurliðun úrgangs).

Flokkunarhlutfall úrgangs vegna rekstrar lækkaði um 6 prósentustig milli ára. Pennan lakari árangur má rekja til tiltektar vegna framkvæmda. Tæma þurfti 1. hæð, viðbyggingu og útbyggingu, en samtala blandaðs og grófs úrgangs þess vegna nam 7.3 tonnum árið 2022.



### BREEAM vottun á byggingarframkvæmdum

Eftir sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins hóf Seðlabankinn breytingar á húsnæði bankans meðal annars til að sameinuð stofnun kæmist fyrir á einum stað. Samhliða þeim breytingum hefur verið ráðist í nauðsynlegt viðhald á kerfum hússins til að draga úr viðhaldspörf og bæta orkunýtingu. Hönnun á miðrými Seðlabankans hófst 2021 og var þá ákveðið að sækjast eftir BREEAM umhverfisvottun á breytingunum. BREEAM stendur fyrir Building Research Establishment Environmental Assessment og er alþjóðlegt vottunarkerfi fyrir húsnæði með það að markmiði að takmarka lífsferilsáhrif bygginga á umhverfið og auka sjálfbærni í byggingariðnaði. Vottunin beinist einkum að umhverfisstjórnun, heilsu og vellíðan notenda, orku- og vatnsnotkun, byggingarefni, úrgangi, mengun, landnotkun, vistfræði og samgöngum. Mikilvægur þáttur vottunarinnar og sá sem bankinn hefur lagt mikla áherslu á er að allir hönnuðir horfi til umhverfisþátta við uppbyggingu og rekstur byggingarinnar. Við efnisval er horft til lífsferilsgreiningar á umhverfisáhrifum efna og

reynt að lágmarka úrgang á framkvæmdatíma. Gabbróflísar eru til dæmis teknar af gólf- eða veggflötum sem þarf að breyta svo hægt sé að nýta þær á nýjum stað. BREEAM vottunin beinist einnig að því að meta hvaða áhrif byggingin hefur á umhverfi sitt og hvernig áhrifin eru gagnvart starfsfólki, gestum og þeim sem eru í nálægð við bygginguna. Loftgæði, lýsing og hættur innandyrna og ljós- og hljóðmengun utandyra eru mikilvægir þættir. Jafnframt þarf byggingin að vera umhverfinu til bóta og var fenginn vistfræðingur til að meta vistkerfi í nærumhverfi hússins og koma með tillögur um hvernig draga mætti úr neikvæðum áhrifum. Mun bankinn t.d., samkvæmt ráðleggingum hans, auka trjágróður við húsið til að laða að fuglalíf.

## Félagslegir þættir

### Starfsfólk Seðlabankans

Starfsfólk er lykillinn að góðum og sjálfbærum rekstri bankans. Starfsumhverfi Seðlabankans byggist á sveigjanleika og trausti, styður við vellíðan starfsfólks, starfsánægju, aukið jafnvægi milli vinnu og einkalífs og jafnrétti. Í september 2022 hélt bankinn starfsdag með það að markmiði að efla liðsheild bankans í ljósi sameiningar Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans sem og langvarandi heimavinnu vegna heimsfaraldurs COVID-19.

Starfsumhverfi Seðlabanka Íslands er einnig ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda vegna reksturs bankans. Bankinn hefur sett sér samgöngustefnu til að stuðla að því að starfsfólk noti vistvænan, hagkvæman og heilsusamlegan ferðamáta.

Í fræðslumálum hefur verið lögð áhersla á að efla faglega þekkingu starfsfólks sem og persónulega hæfni. Jafnframt býðst starfsfólki reglulega að hlýða á erindi sem eiga að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan þess. Á árinu 2022 stóð starfsfólki til boða að sækja erindi frá Krabbameinsfélaginu um konur og krabbamein, erindi frá næringarfræðingi um mátt næringar ásamt rafrænum námskeiðum um streitu og hagnýt ráð við henni. Þá tók bankinn þátt í verkefninu Hjólað í vinnuna og vinnustaðakeppni Lífshlaupsins, heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíu-sambands Íslands. Bankinn endaði í þriðja sæti í Lífshlaupinu hvað varðaði hlutfall daga sem starfsfólk tók þátt og í öðru sæti þegar skoðað var hlutfall mínútna sem starfsfólk notaði í verkefnið.

Stefna bankans er að starfsfólk hans búi yfir fjölbreyttri og breiðri þekkingu og reynslu og að starfsumhverfið ýti undir frumkvæði og metnað þess til að þróast og vaxa í starfi ásamt því að axla aukna ábyrgð á verkefnum. Í þeim tilgangi hafa verið innleidd endur-

gjafasamtöl þrisvar á ári með áherslu á fræðslu, endurmenntun og starfsþróun, líðan og starfsumhverfi og hlutverk og teymi. Sömuleiðis hefur starfsþróun verið skilgreind innan bankans. Samkvæmt skilgreiningunni felur hún í sér að starfsfólk bæti við sig þekkingu í núverandi starfi, axli aukna ábyrgð í núverandi starfi eða taki önnur verkefni í sömu deild/sviði eða á öðru sviði innan bankans. Einnig er starfsfólk bankans ávallt hvatt til þess að sækja um auglýst störf hafi það áhuga á. Sjá nánar í Rammagrein 1: [Metnaðarfullt starfsumhverfi](#).

Viðamikil stjórnendapjálfun hófst í byrjun árs 2021 sem náði til seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra, framkvæmdastjórnar og forstöðufólks bankans og hélt þjálfunin áfram á árinu 2022. Meginmarkmið stjórnendapjálfunarinnar var að auka færni stjórnenda bankans og gera þá virkari þátttakendur í stefnumótun fyrir bankann í heild. Í því felst m.a. að innleiða gildi og framtíðarsýn hans, byggja upp öfluga liðsheild og samræma starf og efla samvinnu þvert á svið bankans þar sem aðaláherslurnar eru leiðtogahlutverkið, teymisvinna og breytingastjórnun. Eftirfylgni stjórnendapjálfunar hefur meðal annars falist í markþjálfun fyrir stjórnendur, styrkleikaprófi fyrir starfsfólk og teymisþjálfun. Auk þess verður lögð áhersla á að stjórnendur fái upprifjun á stjórnendapjálfuninni í þeim tilgangi að þeir viðhaldi þekkingu sinni og að stjórnendateymið verði sterkara.

### Jafnrétti í Seðlabankanum

Seðlabankinn leitast við að stuðla að jafnrétti, jafnri meðferð og virðingu starfsfólks. Bankinn framfylgir jafnréttisstefnu í samræmi við ákvæði laga þar um. Í jafnréttisstefnu bankans kemur m.a. fram að bankinn skuli auðvelda starfsfólki að samræma starfsskyldur og skyldur gagnvart fjölskyldu, að kynjunum skuli ekki mismunað við framgang og ráðningu í störf og að hvers kyns áreitni verði ekki liðin innan bankans.


Í lok árs 2022 var starfsfólk Seðlabankans 296 talsins, konur 139 og karlar 157 (Tafla 3). Þess ber að geta að mannauðskerfi bankans býður upp á kynhlutlausu skráningu starfsfólks.

Jafnréttisnefnd er starfandi í bankanum og hefur hún yfirsýn yfir lög og reglur um jafnrétti og jafna meðferð starfsfólks. Nefndin vinnur að reglulegri endurnýjun jafnréttisáætlunar bankans, fylgist með framkvæmd hennar og kannar réttmæti ábendinga um jafnrétti og jafna meðferð starfsfólks. Samkvæmt jafnlaunastefnu Seðlabanka Íslands er stefna bankans að allt starfsfólk njóti jafna launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafn verðmæt störf þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar í bankanum. Jafn-

Tafla 3 Fjöldi starfsfólks eftir sviðum í árslok 2022

Svið	Konur	Karlar
Bankar	6	13
Bankastjórar	2	2
Fjárhagur	8	3
Fjármálastöðugleiki	7	19
Hagfræði og peningastefna	8	14
Innri endurskoðun	2	1
Lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir	16	10
Lífeyrir og váttryggingar	8	6
Mannauður	5	1
Markaðir og viðskiptahættir	6	11
Markaðsviðskipti	14	19
Rekstur	22	11
Skrifstofa bankastjóra	21	12
Upplýsingatækni og gagnasöfnun	14	35
Samtals	139	157

launavottun bankans var endurnýjuð á haustmánuðum. Jafnlaunagreining leiddi í ljós að enginn óútskýrður launamunur var á milli kynja, fjórða árið í röð.



Á vormánuðum var framkvæmt áhættumat í bankanum á sálfélagslegum þáttum í samstarfi við sálfræðiþjónustu. Könnun var send til alls starfsfólks og kom í ljós að flestum líður vel í vinnunni og upplifa góðan starfsanda. Flest töluðu almennt vel um vinnustaðinn og samstarfsfólk. Einnig kom fram í áhættumatinu að COVID-19 og sameining stofnananna hafi haft áhrif á líðan. Viðhorf til jafnréttismála var almennt jákvætt, en 87% svarenda í könnuninni sögðust vera mjög ánægð með stöðu jafnréttismála innan bankans.

## Stjórnarhættir

Seðlabankinn leggur áherslu á ábyrga stjórnarhætti. Á árinu var áfram unnið að því að styrkja og formfesta umgjörð stjórnarháttanna bankans. Forstöðufólk fékk stjórnendapjálfun með það að markmiði að efla stjórn-

endateymi bankans og móta framtíðarsýn og gildi hans eftir sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Bankastjórar og framkvæmdastjórar bankans fengu sambærilega stjórnendapjálfun á árinu 2021. Í apríl var haldin vinnustofa með starfsfólki um gildi bankans, en þau eru heilindi, áræðni, auðmýkt og fagmennska og skulu vera leiðarvísar við störf og samskipti starfsfólks. Gildi bankans endurspeglar starfshætti hans, eru grundvöllur að trausti til hans og stuðla að því að hann nái markmiðum sínum. Siðareglur bankans voru undirritaðar á árinu en markmið þeirra er að stuðla að heilindum, fagmennsku, óhæði og trúverðugleika starfsfólks og standa þannig vörð um orðspor og sjálfstæði Seðlabankans, efla traust og tiltrú á starfsemi hans.

Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar ræddu á árinu áskoranir og áhættu tengda loftslagsmálum og öðrum sjálfbærniþáttum og áhrif þessara þátta á stjórn, rekstur og ábyrgðarsvið bankans. Sér í lagi varðandi stýringu gjaldeyrisforða. Framkvæmdastjórar allra sviða leggja árlega fram markmið fyrir starf sviða sinna á árinu í tengslum við umhverfis- og sjálfbærnimál.

## Ábyrgðarsvið varðandi umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfisnefnd ber ábyrgð á umhverfis- og loftslagsstefnu í samráði við seðlabankastjóra. Nefndin starfar á grundvelli ákvörðunar seðlabankastjóra. Það er á ábyrgð alls starfsfólks Seðlabankans að framfylgja stefnunni. Umhverfis- og loftslagsstefna bankans er rýnd af umhverfisnefnd einu sinni á ári meðal annars m.t.t. árangurs við framfylgd markmiða. Í kjölfarið eru gerðar tillögur til úrbóta ef þörf er á. Umhverfisnefnd ber ábyrgð á innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri.

Innan bankans starfar Network for Greening the Financial System (NGFS) samráðshópur allra sviða (sjá nánar um NGFS í kaflanum [Network for Greening the Financial System \(NGFS\) samstarf](#)). Hópurinn deilir upplýsingum um loftslagsmál á vettvangi seðlabanka og fjármálaeftirlita og ræðir m.a. málefni sem koma fram á vettvangi NGFS samtakanna.

Varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika er falið að leiða heildstæða vinnu innan bankans í tengslum við loftslags- og sjálfbærnimál. Umhverfisnefnd heyrir undir hann auk þess sem hann fer fyrir NGFS samráðshópi. Varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika leiðir almenna upplýsingagjöf og uppbyggingu þekkingar innan bankans í tengslum við loftslagsmál. Varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits leiðir þó uppbyggingu þekkingar innan bankans á sviði loftslags- og sjálfbærnimála í tengslum við eftirlitsskylda starfsemi.

## Metnaðarfullt starfsumhverfi

Þegar kemur að víðtæku viðfangsefni líkt og sjálfbærni, er ekki nóg að huga einungis að afmarkaðri vidd sjálfbærninnar líkt og umhverfismálum, heldur þarf einnig að tengja við fleiri víddir líkt og félagslega þætti og þau áhrif sem fyrir- tæki og stofnanir hafa á samfélagið í heild. Félagssleg hlið sjálfbærninnar er margþætt, en þar undir falla þættir sem hafa áhrif á starfsfólk, aðstæður vinnuafis í virðisæðjunni og áhrif á samfélagið í heild. Dæmi um félagslega þætti eru jafnvægi á milli vinnu og einkalífs, jöfn laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf og ýmisleg efnahagsleg áhrif á samfélagið. Seðlabankinn er stór vinnustaður með mikla möguleika til að hafa áhrif á þau sem þar starfa, en einnig er kjarnastarfsemi bankans þess eðlis að hann hefur áhrif á allt fólk sem býr og vinnur á Íslandi. Því hafa félagslegir þættir mikið vægi í sjálfbærnivegferð bankans.

Mannauður er mikilvægasta auðlind hvers vinnu- staðar og þar er Seðlabankinn engin undantekning. Til að halda í og laða að fært starfsfólk er mikilvægt að skapa starfsumhverfi þar sem öllum líður vel og kröfur um góð

vinnuskilyrði eru uppfylltar. Þegar kemur að starfsumhverfi og vellíðan í starfi þá horfir bankinn ekki einungis til áþreifanlegra þátta líkt og líkamlegrar heilsu og öryggis heldur einnig sálfélagslegra þátta og margvíslegra utan- aðkomandi þátta sem geta haft áhrif á starfsfólk. Við mat á gæðum starfsumhverfis er hugað að þáttum á borð við sveigjanlegan vinnutíma, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, heilsu og öryggi, jafnrétti kynja, fjölbreytni og ráðstafana til að sporna við ofbeldi og einelti á vinnustað.

Það er stefna Seðlabanka Íslands að gæta ávallt að jafnréttissjónarmiðum með það að markmiði að tryggja öllum jöfn tækifæri. Einnig skal starfsumhverfið styðja við andlega og líkamlega vellíðan starfsfólks. Starfsfólki ber að styðja hvert við annað og er hvatt til að huga að eigin heilsu með því að stunda heilbriggt lífni ásamt því að huga að velferð samstarfsfólks. Starfsumhverfið skal einkennast af sveigjanleika og stuðla að heilbrigðu jafnvægi á milli vinnu og einkalífs. Ævinlega skal gæta jafnréttissjónarmiða með það að markmiði að tryggja öllu starfsfólki jöfn tækifæri.

# Skuldbindingar bankans og samstarf um loftslagsmál



## Network for Greening the Financial System (NGFS) samstarf

Seðlabankinn er aðili að alþjóðlegum samstarfsvettvangi seðlabanka og fjármálaeftirlita sem ber nafnið Network for Greening the Financial System (NGFS), en bankinn gerðist aðili í lok árs 2020. Seðlabankinn á fulltrúa í fjórum vinnuhópum NGFS, um eftirlit, sviðsmynda-greiningu, peningastefnu og kolefnishlutleysi. Innan bankans er einnig starfandi samráðshópur, en í honum sitja fulltrúar vinnuhópanna ásamt fleiri aðilum. Samráðshópurinn fundar á þriggja vikna fresti og nýttist sá vettvangur til að deila upplýsingum og fylgja eftir markmiðum sem tengjast NGFS samstarfinu. Þá tók bankinn þátt í ársfundi NGFS. Varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika situr í stjórnarráði NGFS fyrir hönd Seðlabankans.

## Yfirlýsing SÍ í loftslagsmálum

Yfirlýsing Seðlabanka Íslands í loftslagsmálum var gefin út í tengslum við 26. aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP26) í Glasgow sem hluti af NGFS samstarfi bankans. Í yfirlýsingunni voru settar fram skuldbindingar bankans í loftslagsmálum sem má skipta í eftirfarandi þrjá liði:

- I. Að draga úr kolefnisspori vegna rekstrar bankans í takt við markmið íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum.
- II. Að kortleggja þá loftslagsáhættu sem bankinn, fjármálakerfið og íslenskt efnahagslíf standa frammi fyrir.
- III. Að styðja við skipulega umbreytingu vegna loftslagsbreytinga með virkum skoðanaskiptum við hag-

aðila og með því að styðja við uppbyggingu hæfni og þekkingar á þessu sviði, bæði innan bankans og meðal annarra hagaðila.

Yfirlýsinguna er að finna í heild sinni í viðauka undir: [Yfirlýsing Seðlabanka Íslands í loftslagsmálum](#).

### I. Kolefnisspor í rekstri bankans

Fjallað hefur verið um aðgerðir bankans í eigin rekstri framar í skýrslunni (sjá nánar í kaflanum [Grænt bókhald](#)). Umhverfis- og loftslagsstefna ásamt aðgerðaáætlun voru samþykktar á árinu 2021 og ná fram til ársins 2030.

### II. Kortlagning loftslagsáhættu

Fjármálastöðugleika er ógnað af loftslagsbreytingum. Uppskerubrestur, aflabrestur og tjón á mannvirkjum og mannslífum vegna loftslagsbreytinga geta haft gríðarlegar afleiðingar fyrir allt efnahagslífið. Auk þess getur fjármálastöðugleika stafað hættu af breytingum í atvinnulífi og samfélagi þegar stigin eru skref í átt að lággolefnissamfélagi. Þetta geta m.a. verið breytingar á löggjöf, kolefnisskattar og breytingar á hegðun almennings.

Að undanförunu hefur Seðlabankinn unnið að því að greina áhrif loftslagsáhættu á fjármálakerfið og fjármálastöðugleika. Með slíkum greiningum fást upplýsingar um það í hverju hættan liggur helst fyrir innlent fjármálakerfi og hvernig fjármálamarkaðurinn getur fjármagnað mótvægisáðgerðir og aðlögun að loftslagsbreytingum.

Á árinu 2022 var unnið að greiningu á næmni fyrir-tækjaútlánasafns innlendu bankanna gagnvart loftslags-áhættu. Niðurstöðurnar birtust ritinu [Fjármálastöðugleiki](#) í mars 2023. Megináherslan var á umbreytingar-

áhættu (þ.e.a.s. áhættu vegna aðgerða til að sporna við loftslagsbreytingum) og byggði greiningin á þremur tegundum sviðsmynda.

Notast var við gögn úr skuldbindingaskrá (gögn um öll útlán bankanna sem eru yfir 300 milljónum), upplýsingar um losun á Íslandi og í ESB frá Eurostat og gögn um heildarvinnsluvirði atvinnugreina frá Hagstofu Íslands. Greiningarnar eru á byrjunarstigi, og ber að taka þeim með fyrirvara, en af þeim má draga þá ályktun að umbreytingaráhætta virðist minni hér á landi en annars staðar í Evrópu, en er þó mjög mismunandi milli atvinnugreina.

Líta má á greininguna sem nokkurs konar forgreiningu til að undirbúa ítarlega sviðsmyndagreiningu, en Seðlabankinn hyggst byggja slíka greiningu á sviðsmyndum NGFS ásamt því að nýta sér samstarf við íslenskar stofnanir með þekkingu á loftslagsmálum, svo sem Veðurstofu Íslands, Stofnun Sæmundar fróða, Hagfræðistofnun og Náttúruhamfaratryggingu Íslands í því skyni að aðlaga sviðsmyndir fyrir raunlæga áhættu að íslenskum veruleika. Á árinu 2022 hófst innleiðing þjóðhagslíkansins NiGEM (National Institute Global Econometric Model) sem notað er í sviðsmyndum NGFS til að spá fyrir um þróun hagstærða, og áætlað er að innleiðingu ljúki fyrir árslok 2023, en þá verða sviðsmyndir NGFS nothæfari fyrir íslenskt fjármálakerfi. Seðlabankinn mun halda áfram þróun sviðsmyndagreininga á árinu 2023 (sjá nánar í Rammagrein 2: [Sviðsmyndagreiningar vegna loftslagsáhættu](#)).

Á árinu gaf Seðlabankinn út ritið [Stefnumarkandi áherslur við eftirlit á fjármálamarkaði 2022-2024](#). Áherslunum er ætlað að vera leiðarljós í umbótastarfi og forgangsroðun. Þar er fjallað um sjálfbær fjármál, og kemur meðal annars fram að eftirlitsskyldir aðilar skuli meta loftslagsáhættu og að það mat þurfi að endurspeglast í álagsprófunum. Einnig kemur fram að á næstu árum muni eftirlitsstofnanir móta stefnu og verklag um hvernig eftirliti verði háttað í samræmi við vaxandi kröfur vegna sjálfbærni. Búast megi við örri þróun á þessu sviði með auknum kröfum á eftirlitsskylda aðila (sjá nánar í Rammagrein 3: [Lög nr. 25/2023 upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar](#)).

Við könnunar- og matsferli (SREP) fyrir viðskiptabanka á árinu 2022 var óformlega litið til sjálfbærniáhættu undir einstaka áhættuþáttum, en á árinu 2023 verður sjálfbærniáhætta metin sem sérstakur áhættuþáttur og beitt sambærilegri aðferðafræði og við aðra áhættuþætti. Í upphafi mun skoðunin takmarkast við loftslagsáhættu með því að leggja mat á bæði eðlis-læga áhættu (e. inherent risk) og áhættustýringu. Við

mat á áhættustýringu verður stuðst við viðmiðunarreglur Basel-nefndarinnar um fjármálaeftirlit (BCBS) um stjórnun loftslagsáhættu og framkvæmt áhættumat sem byggist á fundum með bönkunum og gögnum frá þeim. Sjálfbærniáhætta verður einnig könnuð við mat á viðskiptalíkani viðskiptabanka í SREP ferlinu með áherslu á mat á loftslagsáhættu.

Við skipulag á SREP 2024 mun fjármálaeftirlit Seðlabankans horfa enn frekar til alþjóðlegrar þróunar og krafna á þessum vettvangi. Í þeim efnum mun eftirlitið horfa sérstaklega til viðmiða BCBS um stýringu og eftirlit með loftslagsáhættu og efnis frá Evrópsku Bankaeftirlitsstofnuninni (EBA) um sjálfbærniáhættu.

Í eftirlitsferli lífeyrissjóða og váttryggingafélaga (SRP/PSRP) er lagt mat á þá áhættuþætti sem felast í starfsemi lífeyrissjóða og váttryggingafélaga til lengri og skemmri tíma. Þar undir er m.a. mat á raunáhættu og umbreytingaráhættu. Innleiðing á mati á þessum áhættuþáttum er skammt á veg komin enn sem komið er. Stefnt er að því að þessir áhættuþættir verði teknir fyrir við mat á helstu áhættuþáttum þar sem þeir eru álitnir samtengdir öðrum áhættuþáttum og þá sérstaklega váttryggingaráhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Í eftirlitsferlinu er höfð hliðsjón af eigin áhættu- og gjaldþolsmati váttryggingafélags (e. Own Risk and Solvency Assessment, ORSA) og eigin áhættumati lífeyrissjóða (e. Own Risk Assessment, ORA) ásamt leiðbeiningum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaefirlitsstofnunarinnar (EIOPA) varðandi meðhöndlun loftslagsáhættu í eigin áhættu- og gjaldþolsmati váttryggingafélaga frá 2022.

Á árinu 2022 sendi fjármálaeftirlit Seðlabankans dreifibréf um meðhöndlun loftslagsáhættu til allra váttryggingafélaga. Samkvæmt 45. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, skal framkvæmd eigin áhættu- og gjaldþolsmats vera hluti af áhættustýringu váttryggingafélaga. Áhætta vegna loftslagsbreytinga getur haft neikvæð áhrif á núverandi viðskiptalíkön, langtímaáhættusnið og gjaldþol váttryggingafélaga. Aukin tíðni öfga í veðurfari og aðrar náttúruhamfarir munu að óbreyttu hafa áhrif á váttryggingarvernd, iðgjaldasetningu, gildissvið váttrygginga og endurtryggingar. Váttryggingafélög standa því frammi fyrir langtímaáskorunum sem tengjast mögulegum áhrifum loftslagsbreytinga.

Í dreifibréfinu kom fram að fjármálaeftirlit Seðlabankans vænti þess að váttryggingarfélög meti raunlæga áhættu vegna loftslagsbreytinga með sviðsmyndagreiningu sem lið í vinnu við áhættustýringu og að félögin greini mögulega áhættu til skemmri og lengri tíma vegna loftslagsbreytinga. Váttryggingafélög

mega vænta þess að fjármálaeftirlit Seðlabankans muni beina athygli sinni að þessum þáttum áhættustýringar í auknum mæli á næstu árum.

### III. Umbreyting vegna loftslagsbreytinga

Seðlabanki Íslands leitast við að eiga samstarf við aðrar stofnanir og hagaðila um athugun á eðli og áhrifum loftslagsbreytinga og afleiðingum þeirra fyrir íslenskt samfélag. Á árinu hélt Seðlabankinn áfram samtali við innlenda hagaðila á sviði loftslagsmála og loftslagsáhættu, svo sem Veðurstofu Íslands, í því skyni að efla þekkingu starfsfólks bankans á loftslagsmálum og skapa vettvang fyrir samstarf á þessu sviði. Bankinn mun halda þessu áfram og efna jafnframt til samstarfs við fleiri þekkingarstofnanir. Seðlabankinn leggur áherslu á að miðla þekkingu á loftslagstengdum viðfangsefnum, sem byggð er á grundvelli þeirrar reynslu og sérfræðikunnáttu sem verður til innan bankans sem og með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, með fjármála-fyrirtækjum og öðrum stjórnvöldum, til þess að auðvelda þeim að auka og styrkja vinnu sína á þessu sviði.

Seðlabankinn leggur einnig áherslu á að miðla áfram þekkingu til almennings. Á árinu 2022 voru birtar tvær greinar í Kalkofninum, vefriti starfsfólks bankans, um loftslags- og sjálfbærnimál. Greinarnar voru báðar eftir Guðmund Örn Jónsson og báru yfirskriftina: [Mat á loftslagsáhættu – aðferðafræði fjármálafyrirtækja](#) og [Stýring loftslagsáhættu fjármálafyrirtækja](#).

Í mars 2022 var haldin [málstofa](#) með Landssam-tökum lífeyrissjóða um sjálfbærnivægferð lífeyrissjóða og EES-rétt. Á málstofunni fluttu helstu sérfræðingar í sjálfbærni á Íslandi erindi sem og fulltrúi frá stærsta lífeyrissjóði Danmerkur, ATP. Í kjölfarið voru haldnar tvær vinnustofur. Sú fyrri var um umboðsskyldu lífeyrissjóða gagnvart sjálfbærni og var hún í umsjón Tómasar N. Möller og Helgu Melkorku Óttarsdóttur. Síðari vinnustofan fjallaði um innleiðingu UFS-sjónarmiða í fjárfestingarferli og eigendastefnu. Hún var í umsjón Ólafs Sigurðssonar og Dr. Snjólaugar Ólafsdóttur. Að lokum var pallborð með samantekt úr vinnustofunum.

Unnið er að því að taka áhrif loftslagsbreytinga og sjálfbærni inn í kjarnastarfsemi Seðlabankans með virkum hætti, m.a. með aukinni fræðslu og samtali. Á vordögum var blásið til fundaraðar um loftslagsmál fyrir starfsfólk bankans, þar sem fyrirlesarar utan bankans fluttu mánaðarlega erindi um ýmis loftslagstengd málefni. Meðal gesta voru Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Sabine Mauderer sem situr í stjórn þýska seðlabankans og er varaformaður NGFS samtakanna. Fjallað var m.a. um markmið og aðgerðir

stjórnvalda í loftslagsmálum og hlutverk Seðlabankans í því samhengi, sjálfbærni fyrirtækja, ábyrgar fjárfestingar og tengsl loftslagsáhættu, verðbólgu og orku-kreppunnar í Evrópu.

Þá fóru fram umræður og vinna við að skoða hvernig megi taka mið af sjálfbærnimarkmiðum við stýringu gjaldeyrisforðans. Sú vinna mun halda áfram á árinu 2023.

Eitt af verkefnum fjármálaeftirlits Seðlabankans er að meta hæfi stjórnarfélks og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila. Mikilvægt er að tryggja að stjórnendur hafi þekkingu á málaflokknum þar sem aukin áhersla er á loftslagsmál og sjálfbærni í öllu nýju og væntanlegu regluverki í Evrópu, er lýtur að rekstri fyrirtækja. Því er byrjað að innleiða spurningar um þekkingu á loftslagsmálum og sjálfbærni í slík hæfismöt.

Árið 2021 átti Seðlabankinn frumkvæði að því að koma á reglubundnu samráði á milli seðlabanka á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndum um starf þeirra í tengslum við loftslagsmál og loftslagsáhættu á breiðum grunni. Fulltrúar seðlabanka Norðurlandanna hittust tvisvar á árinu 2022 til að ræða áherslumál sín í tengslum við starf NGFS samtakanna. Þá báru bankarnir einnig saman bækur um verkefni sín á sviði sjálfbærni og loftslagsmála og næstu skref. Samráð seðlabanka Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna var ekki jafn virkt á árinu 2022 en áætlað er að efla það á árinu 2023.

Kjördæmi Norður- og Eystrasaltslandanna hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum gefur út yfirlýsingu í tengslum við vor- og ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem fram koma áherslumál landanna á mál-efnasviði sjóðsins. Kjördæmið leggur mikla áherslu á að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi hlutverki að gegna í loftslagsmálum. Á ársfundinum 2022 hvatti kjördæmið, [í yfirlýsingu sinni](#), til aukins metnaðar þegar kemur að markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2050 og lagði til að leitað yrði leiða til að ná samkomulagi um alþjóðlegt kolefnisverð í því samhengi. Þá undirstrikaði kjördæmið mikilvægi þess að hraða fjárfestingu og nýsköpun í grænni orku, innviðum og tækni og lýsti yfir stuðningi við greiningarvinnu sjóðsins sem miðar að því að auðkenna árangursríka stefnumótun og alþjóðlegar lausnir í loftslagsmálum.

## Sviðsmyndagreiningar vegna loftslagsáhættu

Eitt af markmiðum NGFS er að stuðla að og auðvelda aðildarstofnunum að framkvæma sviðsmyndagreiningar með því að gefa út víðtækar loftslagssviðsmyndir. Í kjölfar útgáfu NGFS hafa seðlabankar víða um heim birt misítarlegar sviðsmyndagreiningar<sup>1</sup>.

Seðlabanki Íslands hyggst nýta sér sviðsmyndir NGFS og reynslu annarra seðlabanka til að framkvæma eigin sviðsmyndagreiningar. Í ritinu Fjármálastöðugleiki 1/2023 birtist rammagrein um áhrif loftslagsáhættu á fyrirtækjaútlánasafn íslenskra viðskiptabanka. Má líta á þá greiningu sem nokkurs konar forgreiningu og undirbúning fyrir næstu sviðsmyndagreiningu sem ætlunin er að muni byggja á sviðsmyndum sem gætu talist raunhæfar fyrir íslenskan markað.

Hér verður fjallað um hvað felst í sviðsmyndagreiningu vegna loftslagsáhættu og hver næstu skref Seðlabankans verða. Hafa þarf þann fyrirvara á að á árinu 2023 mun umfang fyrstu formlegu sviðsmyndagreiningar bankans skýrast og hvenær hún verður birt.

### Ferli sviðsmyndagreininga

Samkvæmt NGFS byggir ferli sviðsmyndagreininga á fjórum skrefum<sup>2</sup>.

#### Skref 1 er skilgreining markmiða, helstu áhættuþátta og haghafa.

Markmiðum má skipta í 4 flokka:

##### A. Mat á sértækum áhættuþáttum fjármálafyrirtækja

Í þessu felst nánari greining á áhrifum áhættunnar á hvert fyrirtæki fyrir sig sem eru upplýsingar sem gætu nýst í varúðareftirliti. Best væri að ná þessu markmiði fram með því að biðja eftirlitsskylda aðila að meta sjálfir hvaða áhrif loftslagssviðsmyndir hafa á efnahagsreikning, hagnaðarmöguleika, eigið fé og viðskiptalíkan þeirra (oft nefnt bottom-up álagspróf).

##### B. Mat á kerfislegri áhættu

Í áður nefndri rammagrein í Fjármálastöðugleika 1/2023 var áherslan á bankakerfið í heild. Mögulegt er með sambærilegum hætti að nýta þau gögn og líkön sem Seðlabankinn býr nú þegar yfir til að framkvæma ítarlegri greiningar (top-

down álagspróf), en einnig gæti verið þörf á að safna viðbótarupplýsingum frá eftirlitsskyldum aðilum.

##### C. Mat á áhrifum á hagkerfið

Í sviðsmyndum NGFS er mat á áhrifum á hagkerfið byggt á þjóðhagslíkaninu NiGEM. Seðlabankinn vinnur nú að innleiðingu þess líkans sem mun auðvelda bankanum að nota sviðsmyndir NGFS með raunhæfum hætti.

##### D. Mat á áhrifum á efnahagsreikning Seðlabankans

Þegar markmið hafa verið skilgreind þarf að ákveða til hvaða áhættuþátta sviðsmyndagreiningin á að ná. Það getur einnig haft áhrif á hverjir helstu haghafar verða, til dæmis eftirlitsskyldir aðilar, löggjafinn, aðrar ríkisstofnanir eða háskólasamfélagið.

#### Skref 2 er hönnun sviðsmynda.

Við hönnun sviðsmynda þarf að skilgreina forsendur. Með því er til dæmis átt við hvenær atburðir verða, hvenær og að hve miklu marki stjórnvöld grípa til aðgerða og ef við á, hversu víðtækar aðgerðirnar verða á heimsvísu. Síðan þarf að velja þær breytur sem loftslagsbreytingar og aðgerðir gegn þeim hafa áhrif á. Val á breytum ræðst meðal annars af markmiðum og áhættuþáttum sem hafa verið valin í skrefi eitt. Fjöldi sviðsmynda ræðst af áhættuþáttum og forsendum. Þá skiptir til dæmis máli hvort sviðsmyndagreiningin nái til umbreytingaráhættu, raunlægrar áhættu eða hvors tveggja.

Loks er mikilvægt að tilgreina til hversu langs tíma sviðsmyndagreiningin nær. Ef gert er ráð fyrir að gripið verði til aðgerða strax er hægt að gera ráð fyrir að áhrif umbreytingaráhættu raungerist á skömmum tíma. Ef gert er ráð fyrir að ekki verði gripið til nauðsynlegra aðgerða fyrr en eftir 5-10 ár þurfa sviðsmyndirnar að ná að minnsta kosti til þess tíma til að fanga áhrifin. Einnig gæti þurft að gera ráð fyrir að það gæti tekið nokkra áratugi fyrir áhrif raunlægrar áhættu að koma fram.

#### Skref þrjú er mat á efnahagslegum og fjárhagslegum áhrifum.

Þá þarf að meta hvaða aðferðir, líkön og gögn eru tiltæk til að meta áhrifin. Skilgreina þarf með hvaða hætti umbreytingaráhætta og raunlæg áhætta hafa áhrif á hagkerfið og fyrirtæki á fjármálamarkaði. Í sviðsmyndum NGFS hefur þetta skref í raun verið stigið en í þeim er notast við þrjú mis-

1. Hér má sjá kort yfir nokkur ríki sem framkvæmt hafa sviðsmyndagreiningar. NGFS hefur birt tvær skýrslur um stöðu sviðsmyndagreininga *Scenarios in Action* og *Climate Scenario Analysis by Jurisdiction*.

2. NGFS *Guide to climate scenario analysis for central banks and supervisors*. Júní 2020.



munandi loftslagslíkön. Ein af þeim ákvörðunum sem þarf að taka í þessu skrefi er hvert af þessum líkönum er mest viðeigandi í ljósi markmiða og hönnunar sviðsmyndanna.

#### Skref 4 felst í því að miðla niðurstöðum sviðsmynda-greiningarinnar og nota þær.

Þetta er eitt mikilvægasta skrefið en í því felst að auka þekkingu og vitund um þessa áhættu. Hægt væri að fylgja eftir niðurstöðum í eftirliti og þær gætu aðstoðað stjórnvöld við að móta stefnu um hlutverk fjármálamarkaðarins í baráttunni gegn loftslagsvánni.

#### Möguleg næstu skref Seðlabanka Íslands

Stóru viðskiptabankarnir þrír eru kerfislega mikilvægir og útlánaáhætta þeirra mikilvægasta áhætta. Seðlabankinn

mun því leggja áherslu á þá til að byrja með. Til framtíðar er einnig mikilvægt að greina hvaða áhrif loftslagsáhætta hefur á aðra áhættuþætti og hvernig hún gæti annað hvort smitast út í eða haft bein áhrif á aðrar tegundir fyrirtækja á fjármálamarkaði. Má þar til dæmis nefna markaðsáhættu lífeyrissjóða, en lífeyriskerfið í heild er þjóðhagslega mikilvægt vegna stærðar sinnar.

Fyrirhugað er að gera frekar greiningar á útlánasafni bankanna og skoða leiðir til að greina nánar kolefnisspor stærstu fyrirtækja sem bankarnir lána til. Slík greining gæti þá einnig nýst til að greina kolefnisspor stærstu fyrirtækja sem lífeyrissjóðir fjárfesta í.

## Rammagrein 3

### Lög nr. 25/2023 upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar

Með lögum nr. 25/2023 öðluðust tvær reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins lagagildi hér á landi 1. júní 2023. Annars vegar er um að ræða reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR-reglugerðin) og hins vegar (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu (Taxonomy-reglugerðin). Seðlabankinn hefur eftirlit með hlítni eftirlitskyldra aðila við hin nýsamþykktu lög.<sup>1</sup>

#### SFDR-reglugerðin

SFDR-reglugerðin á við um aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa. Aðilar á fjármálamarkaði eru – auk annarra – verðbréfafyrirtæki, rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstrar-aðilar sérhæfðra sjóða. Reglugerðin kveður á um með hvaða hætti áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingar-

ákvörðanatökufæri (einnig í fjárfestingarráðgjafarferli eða þegar váttryggingarráðgjöf er veitt), hvernig áhætta tengd sjálfbærni fléttast inn í starfskjarastefnu og yfirlýsingu um hvort tillit sé tekið til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingar-ákvörðana á sjálfbærniþætti (e. principal adverse impact statement). Þá er upplýsingagjöf um fjármálaafurðir skipt í þrjá flokka í SFDR-reglugerðinni, eftir því hvort ekki sé sérstaklega horft til áhættu tengdri sjálfbærni (grein 6), umhverfislegir eða félagslegir þættir séu eflidir (grein 8) eða sjálfbær fjárfesting sé höfð að markmiði (grein 9). Þeirri mismunandi upplýsingagjöf sem fylgir sérhverri fjármálaafurð skv. framangreindri flokkun er ætlað að hjálpa fjárfestum að velja á milli mismunandi fjármálaafurða út frá sjálfbærni þeirra. Upplýsingagjöfin er þannig aðgengileg fjárfestum áður en viðskipti eiga sér stað og einnig eftir að ráðist hefur verið í fjárfestingu, svo sem með árlegri skýrslugjöf.

1. Ársreikningaskrá fer þó með eftirlit með því að tilteknir aðilar birti upplýsingar skv. 8. gr. Taxonomy-reglugerðarinnar.



**Mildun  
loftslagsbreytinga**



**Heilbrigð vistkerfi**



**Koma í veg fyrir  
mengun**



**Hringrásarhagkerfi**



**Aðlögun að  
loftslagsbreytingum**



**Sjálfbær nýting vatns  
og auðlinda sjávar**

### Taxonomy-reglugerðin

Taxonomy-reglugerðin skilgreinir hvað teljist til umhverfislega sjálfbærrar starfsemi fyrirtækja og felur í sér hvata til að beina fjármagni í umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi, ásamt því að vinna gegn grænþvotti, sem lýsir sér í því að tiltekin atvinnustarfsemi eða fjármálaafurð er markaðssett sem sjálfbær án þess að vera það. Reglugerðin setur viðmið til að mæla að hvaða marki tiltekin atvinnustarfsemi teljist vera umhverfislega sjálfbær og er það mælt sem hlutfall af veltu, fjárfestingarútgjöldum eða rekstrarkostnaði. Skilgreining á umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, eins og hún er sett fram í reglugerðinni,

er að starfsemin skuli stuðla verulega að í það minnsta einu af sex umhverfismarkmiðum, án þess að verulega skaða nokkuð af hinum fimm markmiðunum. Þá skal starfsemin vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir varðandi samfélagsmál, s.s. mannréttindi. Fyrirnefnd umhverfismarkmið skv. reglugerðinni eru: „mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns og auðlinda sjávar, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og -eftirlit, og vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.“ Í undirbúningi er skilgreining samfélagslegra markmiða til að skilgreina samfélagslega sjálfbæra starfsemi.

# Viðaukar

## Umhverfis- og loftslagsstefna Seðlabanka Íslands

Frá og með 2021 skal starfsemi bankans vera kolefnis-hlutlaus og bankinn mun styðja innlend verkefni til kolefnisbindingar sem samsvarar losun hans fyrir árið 2020.

Stefnan nær til allrar starfsemi bankans, þ.m.t. húsnæðis sem bankinn á og notar og framkvæmda á vegum bankans.

### Megináherslur

Meðfram kolefnishlutleysi frá árinu 2021 mun Seðlabankinn draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fram til ársins 2030 miðað við árið 2019 þar sem áhersla verður lögð á eftirfarandi þætti:

- Flugferðir starfsfólks
- Rekstur bifreiða bankans og notkun leigubíla
- Samgöngur starfsmanna til og frá vinnu
- Notkun annarrar jarðefnaolíu
- Notkun rafmagns- og hitaveitu
- Flokkun úrgangs
- Innkaup
- Virka fræðslu og upplýsingagjöf til starfsmanna um umhverfis- og loftslagsmál

### Framtíðarsýn fyrir árið 2030

Seðlabankinn hefur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% frá árinu 2019. Starfsmenn bankans eru meðvitaðir um mikilvægi loftslags- og umhverfismála og taka virkan þátt í framfylgd loftslagsstefnu bankans. Bankinn er virkur í alþjóðlegu samstarfi um málaflokkinn og miðlar upplýsingum til almennings og annarra hagaðila um stöðu loftslagsmála og áhættu sem tengist loftslagsbreytingum og hvernig er hægt að bregðast við henni. Seðlabankinn hefur verið kolefnishlutlaus í 10 ár og hefur jafnað kolefnislosun sína með vottuðum einingum frá 2021.

### Eftirfylgni

Umhverfisnefnd ber ábyrgð á loftslagsstefnu bankans í samráði við seðlabankstjóra. Það er á ábyrgð allra starfsmanna Seðlabankans að framfylgja loftslagsstefnu svo Seðlabankinn geti lagt sitt af mörkum við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Grænu bókhaldi skal skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 1. apríl ár hvert. Stefnan mun verða rýnd af umhverfisnefnd einu sinni á ári og árangur í aðgerðum og markmiða metinn og gerðar tillögur til úrbóta með tilliti til þróunar í losun gróðurhúsalofttegunda milli ára.

## Yfirlýsing Seðlabanka Íslands í loftslagsmálum

Seðlabanki Íslands er meðlimur í samtökum um grænni fjármálageira (e. Network for Greening the Financial System, NGFS) og styður bankinn yfirlýsingu samtakanna í tengslum við 26. loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP26).

Seðlabankinn styður markmið um sjálfbærni. Loftslagsbreytingar eru stærsta áskorun okkar tíma enda ógna þær hagsæld, velferð og tilvist mannkyns. Loftslagsáhætta, þar með talin sú hætta er stafar af umbreytingu í kolefnishlutlaust hagkerfi, felur í sér áraun fyrir fjármálakerfið og hagkerfið í heild. Enginn ábyrgur þátttakandi í efnahagslífi þjóðarinnar getur setið hjá.

Þótt meginábyrgðin á því að innleiða stefnu og tryggja fjármagn til að draga úr loftslagsáhættu og stuðla að skipulegri umbreytingu liggja hjá öðrum stjórnvöldum eru viðfangsefni á verkswiði seðlabanka sem krefjast þess að þeir leggi sitt af mörkum. Mikilvægt er að seðlabankar virði lögboðið valdsvið sitt og

bregðist við af ábyrgð þegar þeir standa frammi fyrir ógn af þeirri stærðargráðu sem loftslagsváin er.

Innan verkahringis seðlabanka fellur að skilgreina, meta og vakta hugsanlega áhættuþætti og áhrif loftslagsbreytinga, bæði á hagkerfið í víðu samhengi og á þanþol fjármálakerfisins. Að sama skapi er mikilvægt að sérhver seðlabanki sýni gott fordæmi með því að færa eigin rekstur og starfsemi í átt að kolefnishlutleysi.

### Seðlabanki Íslands skuldbindur sig til eftirfarandi aðgerða:

- Seðlabankinn stefnir að kolefnishlutleysi í eigin starfsemi með markvissum hætti frá og með árinu 2021. Einnig hefur hann sett sér markmið um að minnka kolefnisfótspor sitt um 40% fyrir árið 2030 og styður þar markmið stjórnvalda um að uppfylla alþjóðlegar loftslagskuldbindingar Íslands. Aðgerðaáætlun um þetta markmið verður

birt í næstu ársskýrslu bankans og árangur bankans við að uppfylla skuldbindingar sínar verður jafnframt birtur árlega.

- Seðlabankinn mun setja fram leiðbeiningar fyrir eftirlitsskylda aðila sem auðvelda þeim að skilgreina, meta og vakta þá loftslagsáhættu sem fram kemur á efnahagsreikningum þeirra. Bankinn mun vinna með fjármálafyrirtækjum til að öðlast betri skilning á loftslagsáhættuþáttum er snúa að fjármálakerfinu og hagkerfinu í heild, bæði raunáhættu og umbreytingaráhættu, s.s. áhættu sem tengist umbreytingu í lágkolefnis- eða kolefnishlutlaust hagkerfi.
- Seðlabankinn stefnir að því að taka mið af loftslagsáhættu í álagsprófum á fjármálakerfinu og aðilum fjármálamarkaðar, á grundvelli sviðsmynda NGFS. Bankinn mun nota niðurstöðu prófanna til að koma auga á veikleika í efna-

hagsreikningum fjármálafyrirtækja og vekja þau og aðra hagaðila til vitundar um hugsanleg áhrif loftslagsáhættu á fjármálastöðugleika.

- Seðlabankinn mun setja lágmarkskröfur um hvernig taka skuli tillit til loftslagsáhættu við varðveislu gjaldeyrisforðans.
- Seðlabankinn mun miðla þekkingu á loftslags-tengdum viðfangsefnum sem hann öðlast á grundvelli reynslu sinnar, sérfræðikunnáttu og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi með fjármálafyrirtækjum og öðrum stjórnvöldum til þess að auðvelda þeim að auka og styrkja vinnu sína á þessu sviði.
- Seðlabankinn mun nota fræðsluefni frá NGFS til að veita starfsfólki sínu nauðsynlega færni og þekkingu á loftslagstengdum áhættuþáttum í því skyni að innleiða viðeigandi tillögur NGFS á skilvirkan hátt.

## Sjálfbærniþróun ítarefni

### Skipulagsmörk

Við skilgreiningu á umfangi uppgjörsins hefur „Operational Control“ aðferðafræðin orðið fyrir valinu. Samkvæmt henni gerir félagið grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Félagið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem

það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra. Eftirfarandi félög eru tekin með í uppgjörið:

- Seðlabanki Íslands
- Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands

### Rekstrarmörk

#### Umfang 1

Staðbundin eldsneytisnotkun	Talið að fullu
Eldsneytisnotkun farartækja	Talið að fullu
Lekalosun	Talið að fullu
Losun frá iðnaðarferlum	Á ekki við

#### Umfang 2

Raforkunotkun	Talið að fullu
Hitaveita	Talið að fullu
Kæling	Á ekki við
Gufa	Á ekki við

#### Umfang 3

Flokkur 1	
Aðkeypt vara og þjónusta	Talið að hluta
Innkaup á pappír og pappa	
Rafmagnsnotkun í gagnaverum	
Flutningar verktaka til og frá vinnusvæði v/framkvæmda á miðrými	

#### Flokkur 2

Fastafjármunir	Ótalið <sup>1</sup>
----------------	---------------------

#### Flokkur 3

Eldsneytis- og orkutengd starfsemi	Talið að fullu
------------------------------------	----------------

#### Flokkur 4

Aðkeyptur flutningur og dreifing	Talið að hluta
Akstur sendiferðabíla (að hluta til)	

#### Flokkur 5

Úrgangur frá rekstri	Talið að hluta
Úrgangur allra bygginga utan sumarhúsa	
Úrgangur frá framkvæmdaaðila vegna framkvæmda á miðrými	

#### Flokkur 6

Viðskiptaferðir	Talið að hluta
Flugferðir	
Bílferðir	
Gistinætur	

1. Bókfært í umf. 3, fl. 1 og umf. 3, fl. 5.

Flokkur 7	
Samgöngur starfsfólks	Talið að hluta
Almenningssamgöngur	
Einkabíll	
Rafskúta	
Gangandi	
Hjólandi	
Flokkur 8	
Leigðar eignir	Ótalið <sup>2</sup>
Flokkur 9	
Flutningur og dreifing á síðari stigum	Ótalið
Flokkur 10	
Áframhaldandi vinnsla á seldum vörum	Á ekki við

Flokkur 11	
Notkun á seldri vöru	Ótalið
Flokkur 12	
Lok líftíma seldrar vöru	Ótalið <sup>3</sup>
Ónýtir seðlar skilað til SÍ	
Flokkur 13	
Útleigðar eignir	Á ekki við
Flokkur 14	
Sérleyfishafar	Á ekki við
Flokkur 15	
Fjárfestingar	Ótalið

Sjá nánar í dálki „Rekstrarmörk 2022“ undir Sjálfbærniuppgjör á næstu síðu.

2. Bókfært í umfang 2. 3. Bókfært í umf. 3, fl. 5.

## Sundurliðun úrgangs

Tafla 1 Úrgangur utan framkvæmdaúrgangs í kg

	2019	2020	2021	2022	Úrgangsmæðhöndlun 2022
Heildarmagn úrgangs	26.720	38.571	30.311	34.884	
Óflokkað	15.315	19.874	9.795	13.163	
Blandaður úrgangur	15.315	19.794	7.765	10.853	Brennt/urðað
Grófur úrgangur		80	2.030	2.310	Urðað
Flokkað	11.405	18.697	20.516	21.721	
Lífrænn úrgangur í jarðgerð	931	4.626	4.884	7.030	Endurunnið
Pappír og pappi	9.179	12.884	10.842	10.843	Endurunnið
Plast	1.270	1.157	1.657	1.530	Endurunnið
Raftæki			2.697	1.269	Endurunnið
Málmar <sup>1</sup>			200	331	Endurunnið
Gler og postulín			40	460	Urðað
Annað	25	30	196	258	Endurunnið/brennt/urðað

1. Gögn voru ekki aðgengileg fyrir málma sem verktaki skilar til endurvinnslu.

Tafla 2 Úrgangur vegna framkvæmda í kg

	2019	2020	2021	2022	Úrgangsmæðhöndlun 2022
Heildarmagn úrgangs	6.390	25.610	9.836	60.830	
Óflokkað	5.190	12.330	7.380	15.440	
Blandaður úrgangur				5.190	Urðað
Grófur úrgangur	5.190	12.330	7.380	10.250	Urðað
Flokkað	1.200	13.280	2.456	45.390	
Málað timbur	1.110	12.710	550	27.320	Urðað
Gifs og gifsplötur				560	Urðað
Steinefni				2.500	Urðað
Ómálað timbur	90	570		250	Endurnýtt
Málmar og brotajárn			1.906	14.760	Endurunnið

Um er að ræða allan úrgang vegna framkvæmda á miðrymi bankans sem hófust í lok nóv. 2022 en aðeins hluta af öðrum framkvæmdaúrgangi.

## Sjálfbærniuppgjör

### Rekstrarþættir

Rekstrarbreytur	Einingar	2019	2020	2021	2022
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	-	-	291,90	294,60

#### Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda

Losunarkræfni orku	kgCO <sub>2</sub> i/MWst	57,87	35,01	40,14	53,13
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO <sub>2</sub> i/stöðugildi	-	-	677,73	972,74

Nasdaq: E2|UNGC: P7, P8|GRI: 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

#### Orkukræfni

Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	-	-	16.883,61	18.309,22
------------------------	-----------------	---	---	-----------	-----------

Nasdaq: E4|UNGC: P7, P8|GRI: 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

#### Úrgangskræfni

Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	-	-	137,54	324,89
---------------------------	---------------	---	---	--------	--------

### Losunarbókhald

#### Gróðurhúsalofttegundir

Umfang 1	tCO <sub>2</sub> i	9,10	9,37	19,23	10,19
Umfang 2 (landsnetið)	tCO <sub>2</sub> i	53,23	56,40	44,61	48,80
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-
Umfang 1 og 2	tCO <sub>2</sub> i	62,33	65,77	63,83	58,99
Umfang 3	tCO <sub>2</sub> i	277,48	149,19	133,99	227,58
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3)	tCO <sub>2</sub> i	339,81	214,96	197,83	286,57

Nasdaq: E1|UNGC: P7|GRI: 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets.

Mótvægisáðgerðir	Einingar	2019	2020	2021	2022	Rekstrarmörk 2022
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	

#### Umfang 1 - Samsetning losunar

Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	9,10	9,37	19,23	10,19	
Staðbundin eldsneytisnotkun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	8,99	0,85	Talið að fullu
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO <sub>2</sub> i	9,10	9,37	10,24	9,33	Talið að fullu
Lekalosun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	0,02	Talið að fullu
Losun frá iðnaðarferlum	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við

#### Umfang 2 - Samsetning losunar

Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	53,23	56,40	44,61	48,80	
Rafmagn	tCO <sub>2</sub> i	16,30	15,28	10,64	10,13	Talið að fullu
Hitaveita	tCO <sub>2</sub> i	36,93	41,12	33,97	38,68	Talið að fullu
Kæling	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Gufa	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við

#### Umfang 3 - Losun á fyrri stigum

##### Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta

Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	12,03	
Aðkeypt vara og þjónusta til endursölu eða áframhaldandi vinnslu	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Aðkeypt vara og þjónusta til eigin nota	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	12,03	Talið að hluta
Þar af rafmagnsnotkun í gagnaveri	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	10,80	
Þar af innkaup á pappír og pappa	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	1,20	
Þar af flutningur verktafa til og frá vinnusvæði	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	0,05	

##### Flokkur 2: Fastafjármunir

Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Mannvirki <sup>1</sup>	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Farartæki	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Tækjabúnaður	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við

1. Bókfært í umf. 3 fl. 1 og 3.5 vegna framkvæmda. 2. Úrgangsgögn vantar fyrir sumar- og einbýlishús og hluta framkvæmdaúrgangs.

## Sjálfbærniuppgjör (frh.)

	Einingar	2019	2020	2021	2022	Rekstrarmörk 2022
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi						
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	18,63	20,68	17,72	19,50	
Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar	tCO <sub>2</sub> i	2,30	2,50	2,71	2,43	Talið að fullu
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	tCO <sub>2</sub> i	0,06	0,05	0,04	0,04	Talið að fullu
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	tCO <sub>2</sub> i	16,27	18,12	14,97	17,04	Talið að fullu
Framleiðsla á áframseldri raforku	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing						
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	0,02	0,56	
Flugfrakt	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Sjóflutningur	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Landflutningar	tCO <sub>2</sub> i	-	-	0,02	0,56	Talið að hluta
Lestarflutningar	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Hýsing á keyptri vöru	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri						
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	10,68	26,41	8,28	34,07	
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi <sup>2</sup>	tCO <sub>2</sub> i	10,68	26,41	8,28	34,07	Talið að hluta
Fráveita	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Flokkur 6: Viðskiptaferðir						
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	106,83	12,17	5,72	67,26	
Flugferðir	tCO <sub>2</sub> i	105,29	11,72	5,54	52,47	Talið að fullu
Lestarferðir	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Rútuferðir	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Bílferðir	tCO <sub>2</sub> i	1,54	0,44	0,18	8,64	Ótalið
Sjóferðir	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Gistinætur	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	6,16	Talið að fullu
Flokkur 7: Samgöngur starfsfólks						
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	141,34	89,93	102,26	94,15	
Flugferðir	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Lestarferðir	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Almenningssamgöngur	tCO <sub>2</sub> i	7,06	4,63	6,62	3,12	Talið að fullu
Einkabíll	tCO <sub>2</sub> i	134,28	85,30	95,64	91,03	Talið að fullu
Sjóferðir	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Heimavinna	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Flokkur 8: Leigðar eignir						
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Staðbundin eldsneytisnotkun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Rafmagnsnotkun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Hitaveita <sup>3</sup>	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Lekalosun <sup>4</sup>	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Umfang 3 - Losun á síðari stigum						
Flokkur 9: Flutningur og dreifing á síðari stigum						
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Flugfrakt	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Landflutningar	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Sjóflutningar	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Hýsing á seldri vöru í vöruhúsum	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Hýsing á seldri vöru í verslunum	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Flokkur 10: Áframhaldandi vinnsla á seldri vöru						
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Flokkur 11: Notkun á seldri vöru						
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Losun vegna beinnar notkunar	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Losun vegna óbeinnar notkunar	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	

## Sjálfbærniuppgjör (frh.)

	Einingar	2019	2020	2021	2022	Rekstrarmörk 2022
Flokkur 12: Lok líftíma seldrar vöru						
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Talið að hluta
Flokkur 13: Útleigðar eignir						
Heildarlosun <sup>5</sup>	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Staðbundin eldsneytisnotkun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Rafmagnsnotkun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Hitaveita	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Lekalosun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Flokkur 14: Sérleyfishafar						
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Á ekki við
Flokkur 15: Fjárfestingar						
Heildarlosun	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	Ótalið
Skráð hlutabréf og skuldabréf	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Fyrirtækjalán og óskráð hlutabréf	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Framkvæmdalán	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Fasteignalán fyrirtækja	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Fasteignalán	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	
Bílalán	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	

### Orkunotkun

Heildarorkunotkun	kWst	5.871.558,9	6.139.809,8	4.928.325,6	5.393.895,7
Jarðefnaeldsneyti	kWst	36.156,9	38.789,1	77.462,3	41.366,1
Lífeldsneyti	kWst	-	-	-	-
Rafmagn	kWst	1.663.576,9	1.454.778,2	1.013.347,3	983.064,8
Hitaveita	kWst	4.171.825,2	4.646.242,5	3.837.516,1	4.369.464,8
Kæling	kWst	-	-	-	-
Gufa	kWst	-	-	-	-
Bein orkunotkun	kWst	36.156,9	38.789,1	77.462,3	41.366,1
Óbein orkunotkun	kWst	5.835.402,1	6.101.020,8	4.850.863,4	5.352.529,6

Nasdaq: E3|UNGC: P7, P8|GRI: 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management.

### Orkusamsetning

Heildarorkunotkun	kWst	5.871.558,9	6.139.809,8	4.928.325,6	5.393.895,7
Jarðefnaeldsneyti	%	0,6	0,6	1,6	0,8
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	99,4	99,4	98,4	99,2

Nasdaq: E5|GRI: 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management.

### Eldsneytisnotkun

Heildareldsneytisnotkun	kg	3.004,5	3.211,5	6.462,5	3.438,5
Bensín	kg	1.447,4	1.988,4	2.148,8	1.614,1
Díselolía	kg	1.557,1	1.223,1	4.313,7	1.824,4

### Lekalosun

Heildar lekalosun	kg	-	-	-	-
Koldíoxíð (CO <sub>2</sub> )	kg	-	-	-	19,0
Metan (CH <sub>4</sub> )	kg	-	-	-	-
Nituroxíð (N <sub>2</sub> O)	kg	-	-	-	-
Brennisteinshexaflúoríð (SF <sub>6</sub> )	kg	-	-	-	-
Nitutríflúoríð (NF <sub>3</sub> )	kg	-	-	-	-
F-gös	kg	-	-	-	0,4

3. Bókfært í umfang 2. 4. Bókfært í umfang 2. 5. Bókfært í umf. 3, fl. 5.



## Sjálfbærniuppgjör (frh.)

### Umhverfisbættir

Vatnsnotkun	Einingar	2019	2020	2021	2022
Heildarvatnsnotkun	m <sup>3</sup>	75.349,4	83.917,3	69.449,7	78.917,2
Kalt vatn	m <sup>3</sup>	3.421,4	3.809,7	3.285,6	3.581,6
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	71.928,0	80.107,6	66.164,1	75.335,6
Endurunnið vatn (ef við á)	m <sup>3</sup>	-	-	-	-
Endurheimt vatn (ef við á)	m <sup>3</sup>	-	-	-	-

Nasdaq: E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management.

### Samsetning raforku

Heildarnotkun raforku	kWst	1.663.576,9	1.454.778,2	1.013.347,3	983.064,8
Jarðefnaeldsneyti	%	0,0	0,0	0,0	0,0
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	100,0	100,0	100,0	100,0
Kjarnorka	%	0,0	0,0	0,0	0,0

### Meðhöndlun úrgangs

Heildarmagn úrgangs	kg	33.110,0	64.181,0	40.147,0	95.713,6
Flokkaður úrgangur	kg	12.605,0	31.977,0	22.972,0	67.218,0
Óflokkaður úrgangur	kg	20.505,0	32.204,0	17.175,0	28.495,6
Endurunnin úrgangur	kg	11.495,0	19.267,0	22.382,0	40.260,6
Úrgangi fargað	kg	21.615,0	44.914,0	17.765,0	55.453,0
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	38,1	49,8	57,2	70,2
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	%	34,7	30,0	55,8	42,1

### Viðskiptaferðir

Heildarvegalegd	km	-	-	-	-
Flugferðir	km	1.287.210,0	142.384,0	70.567,0	662.434,0
Lestarferðir	km	-	-	-	-
Rútuferðir	km	-	-	-	-
Bílferðir	km	-	-	-	-
Sjóferðir	km	-	-	-	-

### Gistinætur

Heildarfjöldi gistinátta	fjöldi	-	-	-	474,0
--------------------------	--------	---	---	---	-------

### Samgöngur starfsfólks

Heildarvegalegd	km	961.529,0	640.443,0	823.854,0	932.841,0
Flugferðir	km	-	-	-	-
Lestarferðir	km	-	-	-	-
Almennings-samgöngur	km	67.448,0	44.925,0	64.719,0	30.509,0
Einkabíll	km	827.963,0	551.479,0	659.407,0	795.855,0
Sjóferðir	km	-	-	-	-
Fótgangandi / Hjólandi	km	66.118,0	44.039,0	96.707,0	102.442,0
Rafskúta	km	-	-	3.021,0	4.035,0

### Meðhöndlun pappírs

Heildarþyngd prentaðs pappírs	kg	2.130,0	764,3	713,0	1.375,1
Heildarmagn prentaðs pappírs	blaðsíður	290.254,0	109.033,0	111.253,0	200.797,0
þar af litaprent	blaðsíður	136.637,0	44.143,0	31.647,0	74.801,0
þar af svarthvít prentun	blaðsíður	153.617,0	64.890,0	79.606,0	125.996,0
Hlutfall tvíhliða prentunar	%	81,2	51,7	63,1	78,2

### Umhverfisstjórnun

#### Umhverfisstarfsemi

Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	-	-	-	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	-	-	-	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	-	-	-	Já

Nasdaq: E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management.

## Sjálfbærniuppgjör (frh.)

Loftlagsefirlit	Einingar	2019	2020	2021	2022
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	-	-	-	Nei
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	-	-	-	Nei

Nasdaq: E8, E9|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD: Governance (Disclosure A/B).

### Mildun loftlagsáhættu

Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	þúsund ISK	-	-	-	-
-----------------------------------------------------------------------------------------	------------	---	---	---	---

Nasdaq: E10|UNGC: P9|SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience|TCFD: Strategy (Disclosure A).

### Félagslegir þættir

#### Launahlutfall forstjóra

Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	X:1	-	-	-	-
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	-	-	-	-

S1|UNGC: P6|GRI 102-38.

#### Launamunur kynja

Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	-	-	-	-
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	-	-	-	1,2

S2|UNGC: P6|GRI: 405-2 | SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion.

#### Starfsmannavelta

##### Starfsmenn í fullu starfi

Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	-	-	-	6,8
Frávísun	%	-	-	-	-
Starfslok	%	-	-	-	-
Starfsskipti	%	-	-	-	-
Fráfall	%	-	-	-	-

##### Starfsmenn í hlutastarfi

Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi	%	-	-	-	0,3
Frávísun	%	-	-	-	-
Starfslok	%	-	-	-	0,3
Starfsskipti	%	-	-	-	-
Fráfall	%	-	-	-	-

##### Verktakar og/eða ráðgjafar

Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa	%	-	-	-	-
Frávísun	%	-	-	-	-
Starfslok	%	-	-	-	-
Starfsskipti	%	-	-	-	-
Fráfall	%	-	-	-	-

##### Kyn

Karlar	%	-	-	-	53,0
Konur	%	-	-	-	47,0

##### Aldur

<20	%	-	-	-	0,3
20-29	%	-	-	-	7,3
30-39	%	-	-	-	21,9
40-49	%	-	-	-	33,0
50-59	%	-	-	-	24,7
60-69	%	-	-	-	12,5
70+	%	-	-	-	0,3

S3|UNGC: P6|GRI: 401-1b|SDG: 12|SASB: General Issue / Labor Practices.

## Sjálfbærniuppgjör (frh.)

Kynjafjölbreytni	Einingar	2019	2020	2021	2022
Starfsmannafjöldi					
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	-	-	-	47,0
Konur	fjöldi	-	-	-	137,0
Karlar	fjöldi	-	-	-	155,0
Byrjenda- og millistjórnendastöður					
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan	%	-	-	-	43,0
Konur	fjöldi	-	-	-	12,0
Karlar	fjöldi	-	-	-	16,0
Yfirmenn og stjórnendur					
Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%	-	-	-	46,0
Konur	fjöldi	-	-	-	6,0
Karlar	fjöldi	-	-	-	7,0

S4|UNGC: P6|GRI: 102-8, 405-1|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion.

### Hlutfall tímabundinna starfskrafta

Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	%	-	-	-	5,1
Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa	%	-	-	-	-

S5|GRI: 102-8|UNGC: P6.

### Aðgerðir gegn mismunun

Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreitni og/eða jafnrétti?	já/nei	-	-	-	Já
---------------------------------------------------------------------------------	--------	---	---	---	----

S6|UNGC: P6|GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016)|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion.

### Vinnuslysatiðni

Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	-	-	-	-
-----------------------------------------------------------------------------	---	---	---	---	---

S7|GRI: 403-9|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety.

### Hnatræn heilsa og öryggi

Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	-	-	-	Já
Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	-	-	0,22
Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	-	-	0,01
Fjarvera vegna skammtímaveikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	-	-	0,03

S8|GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018)|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety.

### Barna- og nauðungarvinna

Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?	já/nei	-	-	-	Nei
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	-	-	-	Nei
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	-	-	-	-

S9|GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P4, P5|SDG: 8|SASB: General Issue / Labor Practices.

### Mannréttindi

Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	-	-	-	Nei
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	-	-	-	-

S10|GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P1, P2|SDG: 4, 10, 16|SASB: General Issue / Human Rights & Community Relation.

## Stjórnarhættir

### Kynjahlutfall í stjórn

Hlutfall kvenkyns í hópi seðabankastjóra og varaseðlabankastjóra (samanborið við karla)	%	-	-	-	50
Hlutfall kvenkyns í fastanefndum (samanborið við karla)	%	-	-	-	44
Hlutfall kvenkyns í bankaráði (samanborið við karla)	%	-	-	-	43

G1|GRI 405-1|SDG: 10|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards).

## Sjálfbærniuppgjör (frh.)

Óhæði stjórnar	Einingar	2019	2020	2021	2022
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku? <sup>1</sup>	Já/nei	-	-	-	Já
G2 GRI: 102-23, 102-22.					
<b>Kaupaukar</b>					
Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	Já/nei	-	-	-	Nei
G3 GRI: 102-35.					
<b>Kjarasamningar</b>					
Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga	%	-	-	-	100
G4 UNGC: P3 SDG: 8 GRI: 102-41 SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards).					
<b>Siðareglur birgja</b>					
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum? <sup>2</sup>	Já/nei	-	-	-	Nei
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	-	-	-	-
G5 UNGC: P2, P3, P4, P8 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) SDG: 12 SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards).					
<b>Siðferði og aðgerðir gegn spillingu</b>					
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	Já/nei	-	-	-	Já
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-	-	-	0
G6 UNGC: P10 SDG: 16 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016).					
<b>Persónuvernd</b>					
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	Já/nei	-	-	-	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	Já/nei	-	-	-	-
G7 GRI: 418 Customer Privacy 2016 SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards).					
<b>Sjálfbærnisráslu</b>					
Birtir fyrirtækið sjálfbærnisráslu?	Já/nei	-	-	Já	Já
Ef já: Inniheldur sjálfbærnisráslan kafla um félagslega þætti, stjórnarhætti og umhverfisþætti?	Já/nei	-	-	Já	Já
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	Já/nei	-	-	-	-
G8 UNGC: P8.					
<b>Starfsvenjur við upplýsingagjöf</b>					
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	Já/nei	-	-	-	Nei
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	Já/nei	-	-	-	Nei
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	Já/nei	-	-	-	Nei
G9 UNGC: P8.					
<b>Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila</b>					
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	Já/nei	-	-	-	Nei
G10 UNGC: P8 GRI: 102-56.					

1. Skv. 4. mgr. 5. gr. laga um SÍ er seðlabankastjóra óheimilt að sitja í stjórnun stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að.

2. Um innkaup Seðlabanka Íslands gilda lög nr. 12/2016 um opinber innkaup og eftir atvikum lög nr. 65/1993 um framkvæmd útboða. Við val á viðskiptaaðila skal gæta sérstaklega að 68. gr. laga um opinber innkaup.

## Skilgreiningar hugtaka í sjálfbærniuppgjöri

### Kolefniseining

Kolefniseining er breytanlegur og framseljanlegur gernerur sem jafngildir magni á losun gróðurhúsalofttegunda sem dregið hefur verið úr, komið í veg fyrir eða fjarlæggt með staðfestum aðgerðum samkvæmt viðurkenndum gæðastöðlum. Kolefniseiningar geta verið útgefna vegna aðgerða innan eða utan virðiskeðju uppgjörsaðila.

### Losunarkræfni

Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu umfangi 1, umfangi 2 og umfangi 3. Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO<sub>2</sub>í á einingu (svo sem tCO<sub>2</sub>í á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

### Bein og óbein orkunotkun

Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1: bein losun) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2: óbein losun). Orkunotkunin er sett fram í kílóvattstundum (kWst).

### Orkukræfni

Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

### Úrgangskræfni

Úrgangskræfni reiknast sem heildarmagn úrgangs deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kg á einingu (svo sem kg á starfsmann í fullu stöðugildi).

### Mótvægisáðgerðir

Aðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða ráða bót á neikvæðum umhverfisáhrifum.

### Umfang 2

Losun í umfangi 2 (landsnet) (e. Scope 2 - Location-based) er óbein losun vegna framleiðslu notaðrar orku, þar sem að losun vegna orkunotkunar er áætluð út frá meðallosun frá viðeigandi dreifikerfi orku innan uppgjörstímabils. Miðað við aðferðafræði GHG Protocol skal fyrirtæki birta losun í umfangi 2 (landsnet).

### Lekalosun

Bein losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið með eða án ásetnings, t.d. frá leka úr hvers kyns búnaði eða notkun vetnisflúorkolefna (HFC) í kæli- eða loftræstibúnaði.

### Aðkeypt vara og þjónusta

Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á vöru og þjónustu keyptri af fyrirtæki innan uppgjörstímabils, sem ekki heyrir undir flokka 2-8.

### Fastafjármunir

Hráefnavinnsla, framleiðsla, og flutningur á fastafjármunum keyptum af fyrirtæki innan uppgjörstímabils.

### Eldsneytis- og orkutengd starfsemi

Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á eldsneyti og orku keyptu af fyrirtæki innan uppgjörstímabils, sem ekki heyrir undir umfang 1 og 2, þar á meðal:

- Háefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á keyptu eldsneyti
- Háefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á eldsneyti notuðu í framleiðslu rafmagns, gufu, til hitunar og kælingar
- Flutnings- og dreifingartap orku
- Framleiðsla á keyptri orku sem er áframseld til endanotenda.

### Aðkeyptur flutningur og dreifing

Flutningur og dreifing milli fyrirtækis og fyrsta stigs birgja vegna vara keyptra af fyrirtæki innan uppgjörstímabils. Flutningur og dreifing keypt af fyrirtæki innan uppgjörstímabils, þ.m.t. flutningur á vöru á innleið, útleið og á milli starfsstöðva.

### Úrgangur frá rekstri

Förgun og meðhöndlun á úrgangi mynduðum í rekstri fyrirtækis innan uppgjörstímabils.

### Viðskiptaferðir

Ferðir starfsmanna vegna viðskiptatengdra ferðalaga innan uppgjörstímabils.

### Samgöngur starfsfólks

Ferðir starfsfólks á milli heimilis og vinnustaðar innan uppgjörstímabils.

### Leigðar eignir

Rekstur eigna sem leigðar eru af fyrirtæki (leigjanda) innan uppgjörstímabils sem ekki falla í umfang 1 og 2.

#### *Flutningur og dreifing á síðari stigum*

Flutningur og dreifing á vöru sem seld er innan uppgjörstímabils milli fyrirtækis og neytenda, ef ekki greiddur af fyrirtækinu, ásamt smásölu og hýsingu.

#### *Áframhaldandi vinnsla á seldum vörum*

Vinnsla á ófullbúinni vöru seldri innan uppgjörstímabils.

#### *Notkun á seldri vöru*

Notkunarferill vöru og þjónustu sem seld er af fyrirtæki innan uppgjörstímabils.

#### *Lok líftíma seldrar vöru*

Förgun og meðhöndlun við lok líftíma á vöru seldri af fyrirtæki innan uppgjörstímabils.

#### *Útleigðar eignir*

Rekstur útleigðra eigna í eigu fyrirtækis (leigusala) sem leigðar eru til annarra fyrirtækja innan uppgjörstímabils og falla ekki undir umfang 1 og 2.

#### *Sérleyfishafar*

Rekstur sérleyfishafa sem ekki heyra undir umfang 1 og 2 innan uppgjörstímabils. Birt af sérleyfisveitanda.

#### *Fjárfestingar*

Losun vegna fjárfestinga á uppgjörssári (þ.m.t. hlutabréf, skuldabréf, framkvæmdalán og önnur lán) sem ekki heyra undir umfang 1 eða 2.

#### *Orkustjórnunarkerfi*

Með orkustjórnunarkerfi er átt við stöðluð orkustjórnunarkerfi s.s. ISO 50001.

## Ítarefni

Kalkofninn: Mat á loftslagsáhættu

Kalkofninn: Stýring loftslagsáhættu fjármálafyrirtækja

Yfirlýsing Seðlabankans í loftslagsmálum

Ársskýrsla Seðlabankans 2022



SJÁLFBÆRNISKÝRSLA  
2022